

Aðra vatnsnotkun, sem hreppsnefnd ákveður gjaldskylda skal hún miða við fast gjald sé vatnsnotkun ekki mikil en í gegnum mæli sé um meiri háttar notkun að ræða.

Heimilt er hreppsnefnd að breyta gjaldskránni í samræmi við byggingavísitölu og skal þá miða við hana eins og hún er í byrjun hvers gjaldárs.

Greiði notandi ekki vatnsskatt á gjalddögum er hreppsnefnd heimilt að loka fyrir heimtaug hans.

9. gr.

Skylt er notendum að sjá um að vatn renni ekki að óþörfu og gera við vatnsæðar, sem bila í þeirra eigu og tilkynna oddvita eða umsjónarmanni ef vart verður leka í aðalæð eða heimtaug.

10. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða vegna vinnu við hana, takmörkunar á vatnsnotkun, náttúruhamförum eða af öðrum ástæðum.

Vatnsveitan hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun ef skortur er á vatni og loka vegna framkvæmda við hana.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 000,00 — tuttugu þúsund — nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hraungerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1987.

F.h.r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Garðakaupstaðar.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðakaupstaðar, sem virtar eru fasteignamati og standa við götur eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr veitukerfi Vatnsveitu Garðakaupstaðar.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðakaupstaðar, sem svo er ástatt um, sem getur í 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.3% af fasteignamati húss og lóðar.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá bæjarráð skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 750 af hverri íbúð árið 1987.

3. gr.

Af húsum þeim, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal auk vatnsskatts skv. 1. gr. greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því ekki við komið, ákveður bæjarráð aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 6,10 á hvern rúmmetra vatns árið 1987. Sé vatn látið af hendi úr brunahönum eða öðrum vatnstökustöðum, sem almennur vatnsskattur er eigi greiddur af, skal endurgjaldið vera 100% hærra pr. rúmmetra, en krafist er af almennum aukavatnsskattsgreiðendum, auk útlagðs kostnaðar vegna vatnstökkunar.

Kostnað vegna uppsetningar á mæli greiðir húseigandi. Vatnsveitan annast viðhald mælis, að því er snertir edlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta.

4. gr.

Lágmarksskattur samkvæmt 2. gr. skal breytast árlega í hlutfalli við ákvörðun yfirfasteignamatnefndar um framreikningsstuðla eftir tegundum eigna fyrir skráð matsverð fasteigna í Gardakaupstað.

Aukavatnsskattur sbr. 3. gr. breytist árlega eftir framreikningsstuðli, sem ákveðinn er af yfirfasteignamatnefnd fyrir atvinnuhúsnæði.

5. gr.

Bæjarstjórn Gardakaupstaðar getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

6. gr.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til bæjarsjóðs Gardakaupstaðar.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húss síns og hefur vatnsveitan lögveð í húseigninni til tryggingar greiðslu skattsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi við álagningu vatnsskatts árið 1987 og síðar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Gardahrepps nr. 10/1961 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1987.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Líndal.